

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 28. júlí 2016
UST201607-038/B.S.
08.10.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Aukin framleiðsla - Íslenska Kalkþörungafélagið. Umsögn

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 4. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fram kemur í greinargerð að fyrirhugað sé að auka framleiðslu Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal um 35.000 tonn, úr 50.000 tonnum í 85.000 tonn árlega. Frá árinu 2003 til 2015 hefur heildar efnistaka kalkþörungasetts numið alls um 0,5 milljón m³.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að kalkþörungabreiður geti tekið þúsundir ára að myndast og því teljist nám kalkþörungum því ekki sjálfbær starfsemi.

Í skýrslu OSPAR-nefndarinnar frá 2010 „OSPAR's vision is of a clean, healthy and biologically diverse North-East Atlantic used sustainably“ kemur fram að helsta ógn sem steðji að kalþörungabreiðum séu annars vegar neikvæð áhrif efnisnáms og einnig fiskeldi. Á bls. 11. segir m.a.: „*Extraction is ongoing in Iceland, Ireland and France and has major effects on the species present due to the direct effect of habitual removal and impacts from increased sediment loads which smother surrounding communities.*“

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að skilja eftir sléttan námubotn, þ.e. að fjarlægja algerlega kalkþörungasetið. Í ofangreindri skýrslu OSPAR segir á bls. 11.: „*The “recovery potential” of maërl beds has been categorized by OSPAR as “poor” meaning that only partial recovery is likely within 10 years and full recovery may take up to 25 years (IMPACT, 1998). Maërl recovery may never occur if a bed is removed by dredging or completely smothered by sediment.*“ Einnig kemur fram í umræddri skýrslu OSPAR að kalþörungabreiður teljist mikilvæg búsvæði fyrir ýmsa sjávarlífverur.

Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af framansögðu og vegna óvissu um áhrif umræddrar framkvæmdar séu líkur á að umrædd framkvæmd kunnist að hafa umtaslverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að mat á umhverfisáhrifum efnistökkunnar ætti að leiða í ljós þau áhrif sem efnistaka hefur til þessa valdið á kalkþörungaseti á botni Arnarfjarðar. Einnig ætti að vera liðinn það langur tími frá því að kalkþörungunám hófst til að meta hvort endurheimt kalþörungum hafi hafist að nýju og hvort þær aðferðir sem fyrirhugað er að nota við frágang efnistökkusvæða stuðli að endurheimt kalkþörungum í stað þess mögulega að hindra hana eins og fram kemur í skýrslu OSPAR.


Stofnunin telur einnig að kanna eigi hvort aukin efnistaka kalkþörungum geti haft sammögnunar áhrif með annarri starfsemi í firðinum, sérstaklega fiskeldi þar sem sú starfsemi er einnig talin meðal ógna sem að kalþörungum steðjar.

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að varpa í hafið frákastsefni sem til fellur við framleiðsluna.

Umhverfisstofnun telur einnig að kanna eigi hvort unnt sé að nýta frákastsefni sem til falla við framleiðsluna í stað þess að farga þessu efni, m.a. með varpi í hafið, sem gæti mögulega aukið enn frekar álag á kalkþörungum í Arnarfirði.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Gunnlaug H. Einarsdóttir
Staðgengill forstjóra